

Alþingi
Erindi nr. P 135/3089

komudagur 11.8.2008

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 11. ágúst 2008

0703099SA/GB

Tilv.: 132

Efni: Umsögn um drög að breytingartillögum við frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 4. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að nefndaráliti og breytingartillögum við ofangreint frumvarp.

Að álit sambandsins eru breytingartillögur nefndarinnar almennt til bóta, þótt að mati sambandsins sé ástæðulaust að gera þær breytingar á ákvæðum frumvarpsins um klippuvinnu sem nefndin leggur til. Sambandið tekur undir umfjöllun í nefndaráliti um 21. gr. brunavarnalaga í tengslum við svonefndan Hringrásarbruna en bendir á að mögulega mætti takmarka endurkröfur slökkviliðs við tilvik þar sem húsnæði hefur verið breytt án leyfis, atvinnustarfsemi fer í bága við starfsleyfi eða eldsvoði verði rakinn til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings umráðamanna húsnæðis. Sambandið fagnar því að umhverfisráðuneytið hafi tekið þetta mál til skoðunar og væntir þess að tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar líti dagsins ljós innan skamms.

Sambandið ítrekar hér með óskir sínar um að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu og leggur þunga áherslu á nauðsyn þess að slökkvilið fái lagaheimild til gjaldtöku vegna þátttöku í öryggisúttektum, sbr. frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál:

Breytingartillaga við 9. gr. frv.

Lagt er til að við a-lið 9. gr. bætist fimm nýir málslíðir, svohljóðandi: *Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir útgáfu vottorða, vegna aðkomu slökkviliðs við gerð öryggis- og lokaúttekta, umsagna um brunavarnir og eftirlits við nýbyggingar. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjöldum þessum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

Rökstuðningur: Í a. lið 9. gr. frumvarpsins felst að slökkviliði ber að framkvæma öryggisúttektir og eftir atvikum lokaúttektir í samvinnu við byggingarfulltrúa. Fyrirséð er að verði frumvarp til laga um mannvirki að lögum muni öryggisúttektum slökkviliðs fjölga umtalsvert. Slíkum úttektum fylgir umtalsverð vinna og kostnaður. Því er nauðsynlegt að slökkviliðsstjóra sé heimilt að innheimta gjald af eiganda fasteignar vegna slíkrar úttektar líkt



og byggingarfulltrúi gerir, sbr. 50. gr. og 52. gr. frumvarps til laga um mannvirki. Einnig hefur verið talið að slökkvilið geti innheimt gjald fyrir ítrekaðar heimsóknir eldvarnareftirlitsmanna og aðra nauðsynlega umsýslu. Skýrari lagaákvæða er þó þörf hvað þetta varðar og er ítrekað að hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir sveitarfélögin.

Breytingartillaga við 13. gr. frv. (verður 14. gr.)

Lagt er til að greinin hljóði svo: *Sveitarsjóður skal bæta slökkviliðsmönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta. Um nánari útfærslu trygginga slökkviliðsmanna skal samið í kjarasamningi.*

Rökstuðningur:


Í breytingartillögum felst að greinin verði samhljóða 30. gr. lögreglulaga, enda eru störf slökkviliðs og lögreglu eðlislík. Samband Íslenskra Sveitarfélaga leggst alfarið gegn frumvarpsgreininni eins og hún er orðuð og leggur ríka áherslu á að um tryggingar slökkviliðsmanna líkt og önnur starfskjör skuli samið í kjarasamningum en ekki kveðið á um þær í lögum.

Aðrar athugasemdir og ábendingar

Í umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um breytingartillögur nefndarinnar eru gerðar ýmsar fleiri athugasemdir en fram koma í þessari umsögn. Sambandið tekur í öllum meginatriðum undir þær ábendingar sem þar koma fram.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs